

26/1 '75

A R S S KÝRSLA

Skógarvárdarins á Vesturlandi 1974

Veðrátta:

Í janúar var rísjótt tíð, snjór og frost, en í febrúar fór að hlína í veðri og mætti heita að aldrei frysi upp frá því. Í byrjun maí fór jörð að grænka og skófur var farin að springa út um 10. maí. Jörð var klakalítill. Frekar úrkumulítið og purrt. Um mánaðarmót maí-júní gerði allhart frost sem mældist 6 gr. Olli frostið skemmdum á uneplöntum, einkum sitkagreni, og urðu veikþyggðar móbandsplöntur allhart úti af þeim sökum. Eftir betta var sumarið ósólríkt og gott, en síðast í ágúst kom frost. 27. ágúst mældist frost í Norðtunguskógi yfir 3 gr. kl 7 að morgni. Upp frá þessu fór skógur að fölna og jörð varð mórauð, en kartöfluerös félleu og allvíða skemmdist kartöfluuppskera. Haustið var þokusælt en frekar milt allt til síðustu daga nóv. mánuðar, en þá brá til risjutíðar og snjókomu og hefur desember verið afburða veðravondur og munu íslendingar minnast hans um ókomin ár, að illu.

Vöxtur trjáa:

Hirki laufearaðist fullkomlega um 10. maí og er það allt að því mánuði fyrr en oft áður. Frostið í byrjun júní olli afturkipp og vöxtur varð af þeim sökum ekki eins mikill. Það mun láta nærrí að vöxtur í ár sé í góðu meðallagi og litur barrollantna er grænni en oft áður. Fræfall varð mjög lítið í ár.

Starfsfólk:

Vinnukraftur varð mestur í júní og var 12 til 14 manns þegar flest var, en mjög stuttan tíma. Þetta voru nálega allt unglingsar, sumt óvant fólk, enda aðbúnaður ekki í samræmi við þann aðbúnað sem aðrar opinberar stofnanir hafa, svo að erfitt reynist að fá broskad fólk í bessa virnu, þar sem hægt er að velja um vinnustaði úti á landinu við miklu betri kjör. En einhversstaðar burfa unglingsar að fá virnu.

Ólafur Oddsson var hjálparmaður minn við störfin og annaðist verkstjórn ásamt mér. Óft fór ég með nokkuð af fólkini í gróðursetningu á fjarlæsa staði, en Ólafur var við girðingarnar.

Girðingar:

Í sumar voru girtar tvær nýjar girðingar í Dalasýslu. Peningar til þessara framkvæmda voru úr sjóði sem samall Dalamaður hafði ánafnað til skógræktar í Dölum.

Girt var að Staðarfelli um 2 km löng girðing. Landið liggur meðfram þjóðveginum í hlíðinni fyrir innan Staðarfell, allt kjarri vaxið, en bratt og erfitt að girta það. Snjósælt mun vera þarna. Þá var girt önnur girðing að Hörðubóli og Geirshlíð í Miðdöllum, en löndin liggja saman. Þetta er skóglauð land, en smá skógarreitur frá Hörðubóli fellur inn í girta svæðið. Lengd girðingarinnar er röskur 1,4 km., en viðbót væntanleg næsta sumar. Þá var endurgirtur all verulegur hluti af skógræktareirðingunni á Ytrafell, en sú girðin var 32 ára sömul, girt upphaflega úr sömlu efni. Um 300 metrar eru nú eftir af sömlu girðingunni, en

voru endurbættir, meðal annars var grafinn djúpur skurður meðfram þessum kafla sem er raunar fullkomin vörlugirðing.

Auk þess sem að ofan greinir var gert við eldri sirdingar, en árlegt viðhald sirdinga er mikil.

Sauðhússkógarirðing sem vegagerðarmenn hafa tekið að sér að endur-sirða samkv. samningi þar um við Skógrækt ríkisins, er ekki að fullu lokið, en þokaðist all vel áleiðis í sumar. Vonandi verður bessi sirdine fullkláruð árið 1975.

Skógarhögg-erisjun:

Var með minnsta móti í sumar og olli því sirdingarvinnan sem var látin sitja í fyrirrúmi samkvæmt starfsáætlun, enda fjarveiting ekki fyrir hendi til mikilla athafna.

Áburðarejof:

Var framkvæmd í Norðtunguskógi, Breimsstæðagirðingu og Síðumúla-girðingu.

Lúbinu var sáð á nokkrum stöðum, en fræið virðist ekki vera gott, og er árangur af sáningu ekki eins góður og þyrfti að vera. Hins vegar gefa hnausar góða raun, en mikil vinna er fólgin í tilfærslu þeirra.

Græðireitur:

Dreifsettar voru í græðireitnum:

Birki	3.125	stk.	(Hall.)	810-	1/0	Vöelum
Stafafura	6.000	"	Haines	854-	2/0	
Berefura	6.000	"	Ht. Confl.	840-	2/0	
Hvítereni	625	"	H-Pass.	581-	2/0	
Viðja	9.000	"		N.
Osp	300	"		N.
Samtals:	25.050	stk.				

Fræðireitum komu til erðursetningar í sumar:

Birki	14.000	stk.
Rauðereni	10.600	"
Viðja	o.e	
Vífir	2.840	"
Reyniv.	230	"
Osp	50	"
Samtals:	27.720	stk.

Sumarið 1975 ættu að koma úr reitunum:

Rauðereni	27.000	stk.	(
Sitkaæreni	3.000	"	(Homer - 72)
Stafafura	15.550	"	(Tumast. B 670 - 72-73)
Lerki	1.000	"	(Tumast. 72)

Samtals:	46.550	stk.
-----------------	---------------	-------------

Skráðarstökktarþáttum með mikilli óföldum:

xxxxxVÍðiþáttum

Skjólbeltaplöntur og garðplöntur:

Viðja og	
Víðir	17.500 stk.
Reyniv.	4.000 "
Elini	25 "
<hr/>	
Samtals:	21.525 stk.

Alls munu koma um 68 þús. plöntur næsta vor.

Að þessu sinni feneust nálega engar dreifsetningsarplöntur. Þetta er mjög slæmt, einkum að fá ekki birki sem prífst hér vel, og vantar í marsar gírðingar.

Ég held að það væri hreinlegri framkoma af ráðamönnum skógræktarmála að bænna uppeldi á þessum stað - leggja reitinn niður, heldur en láta reitinn hjara á pennan hátt, og gera þeim sem við hann starfa ómögulegt að starfrækja hann með nokkrum myndarbrag.

Jafnhliða eru hér engin tæki til jarðvrkju né nokkurs annars sem barf við reitinn.

Það eru ekki peningar til hjá Skógrækt ríkisins þegar þarf að framkvæma eitthvað hér, enda þótt peningar virðast vera nægir til framkvæmda skógræktarmála víða annars staðar á landinu.

Gróðursetning var sem hér greinir:

(Aðal)

Norðtunuskóeur:

Rauðereni	(V)	6.500 stk.
Sitkaereni	(T móband)	1.000 "
Stafafura	(V)	7.000 "
Rauðereni	(N 2/2)	10.000 "
		Samtals:	24.500 stk.

Síðumúlasírðing:

Birki	(N 1/2)	10.000 stk.
Viðja	(N)	1.150 "
Stafura	(V)	300 "
		Samtals:	11.450 stk.

Melsgírðing:

Stafafura	(V)	5.000 stk.
Berefura	(V)	2.000 "
		Samtals:	7.000 stk.

Reykholtsgírðing:

Birki	(N)	2.000 stk.
Viðja	(N)	300 "
		Samtals:	2.300 stk.

Hreimsstæðasírðing:

Bauðereni	(N)	1.000	stk.
Sitkaðreni	(N)	500	"
Sitkaðreni	(T móband)	2.600	"
Birki	(N)	600	"
		Samtals	4.700	stk.

Umhverfis Norðtungegræðireit:

Birki	(N)	600	stk.
Viðja	(N)	1.500	"
Reynivíður	(N)	300	"
		Samtals:	2.400	stk.

Gróðursett alls 52.350 plöntur á vegum Skógræktar ríkisins að þessu sinni.

Stafafuran og birkið var sett, móbandsplönturnar voru ónýtar að kalla. Vonandi verður breytine á móbandsplöntuframleiðslunni til batnaðar. Það er mjög áberandi hvað sitkaðrenið er lélegt sem hingað kemur, og haldi svo áfram verður ekki hægt að gróðursetja það.

Sökum þess hvað lítið kom af birki frá Skógrækt ríkisins í vor, varð að taka alit birki úr græðireitum í Norðtunguskógi til þess að bjarga gefnum loforðum og gerðum áætlunum varðandi gróðursetningu í vor.

Petta kemur svo fram á árinu 1975, því birki verður ekkert til í vor.

Ferðalög og ómislegt:

Í erindum skógræktarinnar var ég fjarverandi í 192 daga, auk þess sem ég inni af höndum ómis störf fyrir skógræktina heima á Hreðavatni, og eftirlit og störf við Jafnaskarðsskógo sem ekki eru talin með í ofangreindum dögum.

Hessstu ferðalög voru: 27 - 28. febrúar og frá 1 - 6. mars var ég á Skógarvarðafundi í Reykjavík ásamt setu á fulltrúafundi Skógræktarfélæs Íslands.

1. maí fór ég með skógræktarstjóra vestur í Dalasýslu til athuhunar á skóglöndum.

16 og 28. júní fór ég í Dali veena sírðingarmála, lo og 20. júlí 5.- 11.- 14.-19- og 22. ágúst ferðir og margar konar vinna í Döllum.

9 og 10. sept. fór ég að Skósum í Porskafirði og athugaði Skógræirðingu og sekk frá málum þar.

29 - 30. sept. og 1 - 2. okt var ég á ferð um Suðurland og á Skógarvarðafundi í Reykjavík ásamt öðrum Skógarvörðum.

6. okt. fór ég að Guðnabakka og athugaði þar ca. 30 ha land að miklu vaxið kjarri og girt að hálfu góðri sírðingu. Landið er eigin Kjartans Jónssonar Guðnabakka og vill hann ræða um þetta sem skógræktarland, nánari grein verður gerð fyrir þessu máli í sér skýrslu.

29 - 30. okt. fór ég í Dali til uppgjörs og athugunar.

22. nóv. fór ég að Húsafelli og ræddi við Kristleif, sem befur nú formleysa óskar eftir aðstoð Baldurs Þorsteinsonnar og Snorra Sigurðssonar um úrskurð á hæfni landsins til Skógræktar. Tjáði Kristleifur mér að hann biði eftir aðstoð þessara manna sem hann vænti að yrði mjög fljótlega.

26 og 27. nóv. fór ég til Reykjavíkur á fund Skógræktarstjóra samkvæmt beiðni hans.

Þann tíma sem ég er ekki á ferdum í skógræktarerindum að sumrinu, dvel ég hjá fólkini í Norðtunguskógi, og fer of daglega með fólk til vinnu í sírðingum vítt og breitt um landið.

Í sumar var byggt hús í skógræktareirðinunni í Munadarnesi og eru það iðnaðarmenn í Borgarnesi sem að því standa og er húsið beirra eian. Iðnaðarmannafélag Borgarness hefur gróðursett nokkrum sinnum í sírðinguna og fékk í upphafi réttindi til að koma í bessa gírdineu samkvæmt samningi við landeiganda Munadarness, og Skógrækt ríkisins, ennfremur var leyfi fyrir því að félagið fengi að reisa barna lítinn kofa eftir nánara samkomulagi.

Fyrir allt að þremur árum komu ~~iðnaðarmenn~~ að máli við mig um byggingu barna, en ég vísaði málinu til Skógræktarstjóra. Nokkrum síðar koma iðnaðarmenn aftur til míni með orðsendineu frá Skógræktarstjóra um að athuga málið nánar.

Fékk ég þá Reyni Vilhjálmsson arkitekt til þess að ákvarda byggingu á loo ferm. húsi og ákvæð Reyndar staðarvalið, en tók skyrt fram að húsið yrði að vera láereist og lítið, til þess að skyggja ekki á hið fagra umhverfi parna.

Að þessu athuguðu sagði ég iðnaðarmönnum að leyfi yrði að liggja fyrir frá eiganda Munadarness um þessa framkvæmd og var það auðsótt að hálfu eiganda Munadarnessjarðarinnar.

Nokkrum síðar fara iðnaðarmenn fram á freisa parna yfir loo ferm. hús, sagðist ég ekki samþykkja það. Snérur þeir sér eftir þetta til Skógræktarstjóra og ákvæð hann að verða við tilmelum þeirra um að reisa húsið eftir þeirra ósk.

Ég er dálítið uggandi um framtíð þessarar skógræktargírðingar eftir þetta, og held að vinnuframlöe við skógrækt í ýmsum "formum" séu úr sögunni þótt þau hafi á fyrstu árum skógræktarstarfs í Íslandi verið réttlætanleg - en tímarnir eru brevttir og mennirnir með.

Með ári hverju evkst umferð í skógræktargírðingar sem annars staðar. Af þessu skapast oft vandamál.

Það er afitt að neita fólkum um aðgang að landi sem er ríkiseisen, og fé frá ríki varið til gróðursetningar í sírðingarnar. Þins vegar er það staðreynd að ótrúlega mikill fjöldi fólks kann ekki þær umgengisreelur gaenvart landinu sem nauðsynlesar eru.

Um þessi atriði barf að setja reglur, samræmdir yfir allt landið. Á þessu sumri serðust þau tíðindi, að viðvarandi jarðskjálftar voru í uppsveitum Þorsarfjarðar- einkum í Þverárhlið og Hvítársíðu. Mjög kom þetta við okkur sem vorum í Norðtunguskógi, hús nötruðu, diskar brotnuðu og áhöld hentust fram úr billum í verstu brinunum. Þesar leid á septembermánu. fór þetta minnkandi og er nú horfið.

Undanfarið befur mikil verið rætt um nauðsyn þess að fá lönd til skógræktar.

Lönd liðja ekki á lausu til þeirra hluta og er þar um að kenna takmarkalausum kapphláupi kaupstaðabúa um jarðakaup. Þá eru

um að jardir séu keyptar á mærföldu verði ef þær lieggja vel við samsöngum.

Það er viðtekin reela á þessum stöðum að jardir sem komast í eign kaupstaðabúa fast ekki aftur.

Eina úrræðið fyrir skógræktina er að semja við bændur um landskika til skógræktar, en þar yrði að sjálfsögðu ekki um mjög stór lönd að ræða, sennilega 20 til 30 ha.- í sumum tilfellum stærri.

Þessi lönd feng just yfirleitt með mjög góðum kjörum, því bændur eru hugsjónarmenn sem vilja heldur sjá landspildu fara til skógræktar, en gera þó að braskvarninsi.

Þá ber nauðsyn til að gera bæjarbúum og öðrum ferðamönnum kleyft að tjalda á góðum stöðum, og á ferðamálaráð að skipuleggja þann þátt ásamt Skógrækt ríkisins.

Fé pakka samstarfið á árinu.

Á gamlárðal 1974,

Daniel Kristjánsson

Daniel Kristjánsson
Skógarvörður - Hreðavatni .